

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600038/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi kjarna og Hamra - tjaldsvæði, útivistarsvæði og útilífsmiðstöð.

Vísað er til erindis Akureyrarbæjar er barst 28.júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Kjarna og Hamra – tjaldsvæði, útivistarsvæði og útilífsmiðstöð. Heildarstærð alls skipulagssvæðisins er 156,8 ha og er stór hluti þess svæðis vaxið skógi. Á svæðinu er tjaldsvæðið að Hömrum sem bær til um 50 ha, þar er einnig að finna útilífsmiðstöð skáta og sunnan Hamra er útivistarsvæðið í Kjarnaskógi.


Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að upplýsingar og skilmálar um fráveitu frá starfsemi sem er á deiliskipulagstillögusvæðinu komi skýrt fram í deiliskipulagi svæðisins.

Jarðfræði og landslag

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sérkennilegum hömrum á svæðinu verði hér eftir sem hingað til hlíft við öllu raski og tillit tekið til þeirra við gerð deiliskipulagsins. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við lýsingu ofangreindrar tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun